

SKYNDIÐHJÁLPARSPURNINGAR - SVÖR

KÖNNUN C

1) Það fyrsta sem skyndihjálparmaður gerir við skoðun og mat á ástandi slasaðra er að meta meðvitund og hvort öndun er eðlileg.

rétt

rangt

Svar: Þegar búið er að tryggja öryggi þarf að meta í flýti hvort um lífshættulegt ástand sé að ræða. Fyrsta skoðun felur í sér greiningu á lífshættulegu ástandi. Kanna á meðvitund, meta hvort öndun er eðlileg og síðan reyna að greina alvarlega blæðingu, bruna, einkenni brjóstverks eða heilablóðfalls.

2) Á slysavettvangi þar sem tveir eða fleiri hafa slasast á að sinna þeim sem gráta eða hrópa hæst á undan þeim sem ekkert heyrist í.

rétt

rangt

Svar: Þegar búið er að tryggja öryggi þarf að meta í flýti hvort um lífshættulegt ástand slasaðra sé að ræða. Meðvitundarleysi getur verið einkenni um alvarlegt ástand svo og óeðlileg öndun. Sá sem er meðvitundarlaus og eða andar ekki eðlilega er hljóðlátur. Séu fleiri en einn nauðstaddur þarf að ljúka fyrstu skoðun (meta meðvitund og öndun) á þeim öllum áður en nánari líkamsskoðun er hafin.

3) Mikilvægt er að hefja endurlífgun sem allra fyrst (sé þess þörf) því að súrefnisskortur veldur heilaskemmdum.

rétt

rangt

Svar: Öll líffæri líkamans þurfa á súrefni að halda. Við innöndun berst súrefni úr andrúmsloftinu út í blóðið. Hjarta og blóðrásarkerfi dælir því til vefja líkamans. Endurlífgun kemur að hluta til í stað öndunar og hjartslátt. Líffæri líkamans eru mis viðkvæm fyrir súrefnisskort. Heilinn er þolir súrefnisskort sérstaklega illa. Ef orsök meðvitundarleysisins er hjartastopp minnka lífslíkur fólks um 7-10% á hverri mínútu sem líður þar til hægt er að beita hjartastuðtæki.

4) Þegar barn fer í hjartastopp á fyrst að hnoða 30 sinnum og síðan blása 2 sinnum. Það má þó hefja endurlífgunina á því að blása í barn.

rétt

rangt



Svar: Þegar börn fara í hjartastopp er algengt að orsökkin tengis öndunarfærum. Að beita eingöngu hjartahnoði á ekki við ef um börn er að ræða eða í þeim tilvikum þar sem grunur leikur á að um meðvitundarleysi vegna öndunarerfiðleika sé að ræða.

5) Að öllu jöfnu er best að hreinsa sár með því að skola það undir krana eða með hreinu rennandi vatni.

rétt

rangt

Svar: Til að draga úr sýkingahættu er mikilvægast að hreinsa sár með hreinu kranavatni, grisju eða klút og nota hreinar umbúðir sem ekki festast. Ef sár er hreint nær líkaminn yfirleitt að vinna á öllum bakteríum sem í það berast. Hreinsa á sár frá miðju og út. Ef sár er mjög óhreint eða stórt er sjálfsagt að leita á slysamóttöku eða heilsugæslu.